



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinn fimmtudaginn 03.03.2016 kl. 17:15

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Ásta Kristjánsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina. Kristján B. Thorlacius boðaði forföll

Fundargerð

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 28. Janúar lögð fyrir og samþykkt.
2. Stefnumótun
 - Tímaáætlun verkefna lögð fyrir og samþykkt.
 - Ákveðið að boða til félagsráðsfundar þar sem verkefnin verða kynnt.
 - Félagsgjöld
 - Framkvæmdastjóri kynnti aðgerðir við að setja á félagsgjald.
 - Tillögurnar samþykktar og Kristjáni og Þorsteini Júlíusi ásamt framkvæmdastjóra var falið að setja verkefnið í gang og kynna vel innan félagsins.
 - Ásta Kristjánsdóttir og Þórdís kynntu stöðu á fræðsluverkefninu
 - Tveir fyrirlestrar fyrirhugaðir þann 9. mars fyrir alla þjálfara félagsins.
 - Starfsmannaaðstaða
 - Framkvæmdastjóri fór yfir þá vinnu sem átt hefur sér stað
 - Þarfagreining með starfsfólki
 - Heimsóknir til Breiðabliks og KSÍ
 - Horft er til þess að hægt verði að útbúa aðstöðu fyrir starfsfólk skrifstofu í salnum undir stúku.
 - Starfsfólk leggur áherslu á að vera ekki í alveg opnu rými, það verði með einhverjum hætti stúkað af
 - Þjálfarar leggja áherslu á að geta verið í sínu eigin rými þar sem krafturinn í starfinu kemur með miklum samskiptum við þjálfara sem koma við. Þau samskipti mundu hafa trúflandi áhrif á aðra á skrifstofunni.
 - Talsverðar áhyggjur eru af hljóði vegna vatnsrennsli þegar verið er að hita upp Samsungvöllinn. Slíkt hljóð er í gangi ca fjóra mánuði á ári.
 - Pípari og forstöðumaður mannvirkja Garðabæjar hafa skoðað málið og telja lítið mál að fara í minniháttar aðgerðir til að koma í veg fyrir hljóðin.
 - Framkvæmdastjóri mun hitta innanhúsarkitekt þar sem markmiðið er að koma fram með hugmyndir að lausnum sem krefjast ekki meiriháttar framkvæmda og kostnaðar.



- Framkvæmdastjóra falið að eiga samtali við bæjarverkfræðing og íþróttafulltrúa um mögulega aðkomu bæjarins að verkefninu í tengslum við framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í Ásgarði.

3. Tillögur afrekssjóðs

- Lagt var til að úthlutun mundi skiptast með eftirfarandi hætti:
 - Grunnkostnaður 80%
 - Hvatastyrkur - mótatekjur 5%
 - Hvatastyrkur – stjórnarfundir 5%
 - Hvatastyrkur – félagsráðsfundur 5%
 - Titlar 0%
 - Aðalstjórn fjármagnar styrki vegna titla ef þörf er á á árinu 2016.
- Lögð var fram tillaga að útteilingu úr afrekssjóði byggt á útreikningum grunnkostnaðarmódelisins
 - Tillagan var samþykkt.
- Einnig kom fram í fundargerð afrekssjóðs að mikilvægt verði að leggja áherslu á hækkun afreksstyrkja í nýjum samningnum við Garðabæ.
 - Ljóst er að grunnkostnaður við afreksstarf hefur hækkað talsvert á undanförunum árum og mikilvægt sé að afreksstyrkur taki mið af því.
- Formaður aðalstjórnar lagði til að aðalstjórn styrki meistaraflokk kvk í hópímleikum um 500.000 kr. vegna Norðurlandameistararitils á árinu 2015 og um leið vinni að því að fá Garðabæ til að styrkja deildina um sömu upphæð.
 - Afrekssjóður gerir ekki ráð fyrir að veita styrki vegna Norðurlandameistararitla.
 - Tillagan var samþykkt.

4. Framkvæmdir í Ásgarði

- Íþróttafulltrúi hefur kynnt Stjórnunni fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og að þær hefjist 1. Júní 2016.
 - Framkvæmdir munu hafa áhrif á starf Stjórnunnar
 - Meistaraflokkar í knattspyrnu munu þurfa nýja búningaklefa og hafa flokkarnir áhuga á að komast í klefa undir stúku sem þá mun um leið þrengja að barna og unglíngastarfinu.
 - Knattspyrnudeild Stjórnunnar hefur sent tillögur að lausn til bráðabirgða. Hugmyndin er að keyptir verði gámar til að leysa klefamál fyrir börn og unglínga líkt og gert er hjá Fjölni. Lausnin er ekki falleg en hægt að sætta sig við hana til bráðabirgða.
 - Framkvæmdastóra var falið að vinna verkefnið með knattspyrnudeildinni og íþróttafulltrúa en um leið lögð áhersla á að lausnin sé til bráðabirgða og unnið verði að framtíðarlausn með Garðabæ og í góðri samvinnu við knattspyrnudeild og aðalstjórn.



5. Ársuppgjör

- Drög að ársuppgjöri var kynnt.
 - Heildarrekstur félagsins stefnir í jákvæða afkomu upp á 18,5 m.kr.
 - Jákvæð niðurstaða má fyrst og fremst þakka góðum árangri hjá meistaraflokki karla í knattspyrnu.
 - Töluvert áhyggjuefni er staða á fimleikadeild, meistaraflokki kvk í knattspyrnu og meistaraflokki kk og kvk í körfu.
- Áætlanir deilda voru kynntar
 - Áætlanir deilda voru samþykktar fyrir utan fimleikadeild, mfl kk og kvk í körfu ásamt mfl kvk í knattspyrnu og var gjaldkera falið að fara betur ofan í málin með framkvæmdastjóra og fjármálastjóra.

6. Önnur mál

- Vinnufundur fimleikadeildar
 - Framkvæmdastjóri kynnti lauslega hvað fram fór á vinnufundi fimleikadeildar.
 - Framkvæmdastjóri og varaformaður lögðu til að setja í gang vinnuhóp til að fara ítarlega ofan í reksturinn á fimleikadeildinni sem kæmi svo með tillögur um breytingar sem nýr rekstrarstjóri kemur til með að innleiða.
 - Lagt til að leita til öflugs hóps með reynslu á þessu sviði og þekkingu á fimleikum.
 - Framkvæmdastjóri og varaformaður taka verkefnið áfram.
 - Tillagan var samþykkt.

7. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri kynnti ráðningu nýs vallarstjóra og einnig blað á vegum félagsins sem kemur út í kringum páska.
- Aðalstjórn barst bréf frá stjórn knattspyrnudeildar um samskipti formanns og yfirþjálfara.
 - Góðar umræður áttu sér stað innan aðalstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:20. Ritað J.Egils